

Borgarstjórn 2. júní 2020

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um breytt verklag til að stuðla að samvinnu í borgarstjórn frekar en sundrung

Flokkur fólksins leggur til að verklagi í nefndum og ráðum um meðferð og afgreiðslu tillagna frá minnihluta verði breytt með það að markmiði að koma í veg fyrir höfnun tillagna minnihlutans til málamynda svo að meirihlutinn geti lagt sambærilegar tillögur fram í eigin nafni. Þessi tillaga er lögð fram í kjölfar reynslu borgarfulltrúa Flokks fólksins í skóla- og frístundaráði og velferðarráði, að hafa lagt fram tillögu sem ákveðið er að framfylgja en sem er engu að síður ýmist vísað frá, hún felld eða að meirihlutinn komi með sams konar breytingatillögu og geri þar með tillögu Flokks fólksins að sinni tillögu. Að horfa á vinnubrögð sem þessi hefur vakið upp spurningu um hvort það sé þessum meirihluta kappsmál að gæta þess að fulltrúi minnihlutans fái sem minnstu athygli að njóta sín í borgarstjórn og koma í veg fyrir að aðrir en meirihlutinn geti sagt að þeir hafi náð nokkru í gegn? Borgarfulltrúi kom í borgarstjórn til að láta gott af sér leiða og finna leiðir og lausnir til að bæta þjónustu við borgarbúa. Það eru því vonbrigði að horfa á fjölda mála, hugmynda í formi tillagna, ýmist vísað frá eða felldar án þess að fá efnislega skoðun.

Greinargerð:

Hér skulu tekin þau nýjustu dæmi sem skýra enn frekar þá tillögu sem hér er lögð fram.

Við endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð tók það steinin úr þegar tillaga Flokks fólksins um að „afnema skilyrðið að nýta þurfi rétt til frístundakorts áður en sótt er um fjárhagsaðstoð“ var vísað frá, en engu að síður samþykkti meirihlutinn síðar að gera breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð í samræmi við tillöguna. Hér hefði farið vel á því að samþykkja tillögu Flokks fólksins enda var ákveðið að framfylgja henni að öllu leyti.

Annað svipað dæmi átti sér stað á fundi skóla- og frístundaráðs. Þar var tillaga Flokks fólksins lögð fram um „að farið verði kerfisbundið yfir ferla grunnskóla Reykjavíkur gagnvart einelti með það að markmiði að kanna hvernig skólar sinna forvörnum og hver viðbrögð skólanna eru, komi kvörtun um einelti. Markmiðið er að tryggja samræmt verklag svo allir skólar standi nokkurn veginn jafnfætis gagnvart forvörnum, viðbragðsáætlun og úrvinnslu. Lagt er til að athugað verði hvort skólar í Reykjavík hafi þau verkfæri og aðferðir til að geta tekið á móti og unnið með eineltismál með faglegum og skilvirkum hætti.“ eins og segir í tillögunni.

Á fundinum lagði meirihluti ráðsins fram breytingartillögu, nákvæmlega eins tillögu og tillaga Flokks fólksins, nema eilítið stytta í endann sem meirihlutinn síðan samþykkti sem sína tillögu. Aðeins þeir sem grúska í fundargerðum ofan í smáatriði myndu sjá að þessi tillaga er upphaflega tillaga Flokks fólksins. Hér hefði fátt verið eðlilegra og sanngjarnara en að meirihlutinn í skóla- og frístundaráði hefði fagnað tillögunni og samþykkt hana. Í framhaldinu hefði verið sjálfsagt að skoða smávægilegar orðalagsbreytingar, eða styttingu án þess að hreyfa við tillögunni efnislega.

Það eru óskiljanleg vinnubrögð að hafna tillögu minnihlutaflökks en koma með nákvæmlega eins breytingartillögu frá meirihlutanum og samþykkja hana. Ekki er hægt að sjá hvaða rök liggja að baki önnur en pólitískir hagsmunir meirihlutans.

Með þeirri tillögu sem hér er lögð fram í borgarstjórn um að vinnulagi verði breytt er það von fulltrúa Flokks fólksins að hægt sé að ná meiri samvinnu í borgarstjórn. Markmið okkar allra er að vinna sem best í haginn fyrir borgarbúa. Leggi flokkur í minnihluta fram tillögu sem hugnast meirihlutanum þá á að samþykkja tillöguna og í framhaldinu má útfæra hana nánar eftir atvikum.